

# **Skýrsla 2007**

## **Skóli á grænni grein**



**Leikskólinn Andabær Hvanneyri**

## Framhaldsumsókn um Grænfána

Vorið 2005 fengum við í leikskólanum Andabæ afhentan Grænfánann í fyrsta sinn og þótti okkur það stórt skref í þá átt sem við stefnum með starfið hér við leikskólann; að við kynnumst umhverfi og náttúrunni í kringum okkur og leitumst við af fremsta megni að ganga vel um og hlúa að náttúrunni og gerast umhverfisvæn eins og okkur er frekast kostur.

Leikskólinn Andabær er 3 deilda leikskóli (Hulduheimar, Álfheimar og Goðheimar) með pláss fyrir 41 barn á aldrinum 1-6 ára. Alls eru starfandi auk leikskólastjóra; sjö leikskólakennarar, þrjár leiðbeinendur, tveir starfsmenn eldhúss og tveir ræstitæknar.

### Umhverfisnefndin

Þórunn Harðardóttir var beðin um að taka að sér verkefnisstjórn í stað Sólrúnar Höllu Bjarnadóttur sem er í barnsburðarleyfi. Auk Þórunnar skipa umhverfisnefnd leikskólans Valdís Magnúsdóttir leikskólastjóri, Katrín Jónsdóttir leikskólakennari á Álfheimum, Áslaug Ella Gísladóttir deildarstjóri á Goðheimum og Gro Jorunn Hansen matráður. Þórunn er deildarstjóri á Hulduheimum og einnig fengum við til liðs við okkur Raketu Jakobínu Jónsdóttur sem er móðir tveggja drengja á Goðheimum. Þannig er umhverfisnefndin skipuð fulltrúum allra deilda auk leikskólastjóra, matráðs og foreldri. Vegna tíðra breytinga á ræstitæknum þótti ekki ástæða til að hafa fulltrúa þeirra með í nefndinni.

Ekki voru ákveðnar í upphafi skólaárs fastir fundartímar yfir veturinn en þó höfum við fundað nokkrum sinnum í vetur. Hér má sjá dæmi um fundargerð:

### Haut 2006

- Mættir voru: Þórunn verkefnastjóri (fyrir Hulduheima), Katrín fyrir Álfheima, Valdís leikskólastjóri, Áslaug fyrir Goðheima og Gro matráður.
- Fórum í gegnum gátlista sem gefinn er út af Landvernd, skildum hluta eftir sem Áslaug ætlar að fara yfir með börnunum. Gerðum okkur ljóst að þó að Grænfáninn sé fenginn þá er ýmislegt sem er ábótavant og gott er að hafa þennan gátlista til að fara yfir reglulega.
- Við ræddum um mikilvægi þess að kaupa inn í stórum pakkningum og reyna af fremsta megni að versla í heimabyggð.
- Við komumst að því að ýmislegt sem við erum að gera er umhverfisvænt t.d. notum við smekki og þvottapoka við matarborðið sem þvegið er og notað aftur og aftur. Allar tuskur og handklæði eru einnig fjölnota og við gerðum okkur ljóst að í leikskólanum er ekki notaður pappír til að þurrka upp bleytu.

## Mat á stöðu umhverfismála

Enn er margt sem betur má fara hjá okkur í leikskólanum. Höfum við einsett okkur að vera meira á verði og hafa gátlista Landverndar okkur til hliðsjónar. Á umhverfisnefndarfundum s.l. haust var farið vandlega yfir gátlistann auk þess sem elstu börn leikskólans fóru yfir listann með kennara í samverustund. Ánægjulegt var að sjá hversu sammála börnin voru okkur fullorðna fólkinu og styrkti það okkur í þeirri vissu um að börnin eru vel meðvituð um starfið hér í leikskólanum hvað varðar umhverfismál. Fylgir eintak af útfylltum gátlistanum með þessari skýrslu.

## Áætlun um aðgerðir og markmið

Fyrir tveimur árum, árið 2005 settum við okkur eftirfarandi markmið:

### 1. Safna lífrænum úrgangi og fara með hann í Moldu.

Lífrænn úrgangur er flokkaður á hverjum degi í leikskólanum og höfum við fengið þar til gerðar körfur á hverja deild til að flokka í. Körfunum fylgja



umhverfisvænir pokar sem brotna auðveldlega niður í náttúrunni og eftir máltíðir aðstoða börnin við að flokka matarleifar í körfurnar. Aðra hverja viku er lífræna ruslið sótt af starfsmönnum Landbúnaðarháskóla Íslands og því komið í jarðgerðarvélina Moldu sem

vinnur á öllum lífrænum úrgangi frá Hvanneyringum. Börnin í Andabæ hafa heimsótt Moldu og fengið að sjá hvernig hún vinnur mold úr matarleifum.

### 2. Safna rafhlöðum og fara með þau á förgunarstöð.

Í leikskólanum er kassi sem ætlaður er fyrir ónýtar rafhlöður. Börn og foreldrar eru hvött til að koma með ónýtar rafhlöður í leikskólann í stað þess að henda þeim í almennt heimilissorp. Leikskólinn sér um að koma þeim til förgunar.

### 3. Endurnýta og endurvinna allan finan pappír.

Reynt er að nýta allan pappír eins og mögulegt er. Við nýtum báðar hliðar pappírslaða og klippum niður pappambúðir svo nýta megi þær í skapandi starf. Keyptur hefur verið pappírstættari og þar tættum við niður pappír sem nýttist ekki í annað; seinna er svo hægt að nota það sem tætt er niður í pappírsgerð.



### 4. Nýta matarílát í föndur, leik og fleira.

Í Andabæ vinnum við með “Könnunarleik” en það eru stundir þar sem börnin leika eingöngu með “verðlaust efni”; tóm matarílát af öllum gerðum, keðjur, lykla, köngla og annað þess háttar. Börn og foreldrar hafa verið dugleg við að safna slíku heima og færa okkur í leikskólann og höfum við alltaf úr nógu að móða því endalaust fellur til af því. Það getur stundum verið áskorun að finna leiðir til að nýta umbúðir og ef þær henta ekki í könnunarleikinn þá reynum við að nýta þær í skapandi starfi með börnunum.



### 5. Safna kertaafgöngum og nýta þá.

Í leikskólanum er kassi sem ætlaður er undir kertaafgöngu hvers konar. Þar geta börn, foreldrar og starfsfólk látið kertaafgangana falla til heima fyrir og svo búum við til ný kerti úr afgangunum.



Okkur finnst hafa gengið mjög vel að vinna að þessum markmiðum sem við settum fyrir tveimur árum og ætlum okkur að halda áfram með að vinna samkvæmt þeim. Börn og foreldrar hafa tekið þátt í þessu með okkur og það er von okkar að eitthvað af þessari umhverfismennt skili sér inn á heimili barnanna.

Útbúið hefur verið skilti sem minnir fólk á að drepa á bílum sínum við leikskólann og hlökkum við til að festa það upp.

Í síðustu skýrslu kom fram að við hefðum hug á að koma okkur upp matjurtagarði.



Enn hefur það ekki tekist og munum við væntanlega stefna að því til framtíðar á nýjum leikskóla sem mun rísa árið 2008. Þrátt fyrir það höfum við ræktað kryddjurtir inni og hafa börnin tekið fullan þátt í því enda ekkert betra en ferskar kryddjurtir í matargerðina – munum við halda því áfram.

## Markmið okkar til næstu tveggja ára eru eftirfarandi:

### 1. Gera Grænfánaverkefnið sýnilegra á öllum deildum leikskólans:

Við viljum að þeir sem komi inn í leikskólann sjái strax að þetta er Grænfánaleikskóli. Það skiptir okkur miklu máli að vera “græn í verki” en ekki bara “græn í orði” og því er mikilvægt að umhverfið endurspegli starfið. Ætlunin er að hver deild leikskólans verði með ákveðinn vegg í aðalrými sem endurspegli umhverfisstefnu leikskólans og það starf að umhverfismálum sem börnin eru þátttakendur í. Með þessu móti fá foreldrar og aðrir gestir leikskólans innsýn í það umhverfisstarf sem fram fer í leikskólanum.

### 2. Nota eingöngu umhverfisvæn ræsti- og hreinlætisefni:

Við höfum hug á að koma okkur upp ræstivagni sem inniheldur eingöngu umhverfisvæn efni til þrifa. Auk þess að eingöngu verði notaðar umhverfisvænar hreinlætisvörur t.d. á salerni og í eldhús. Í Andabæ hefur verið sú stefna að reynt sé að nota allar sápur í lágmarki. Ef mögulegt er skal eingöngu notast við vatn og með því að nota örtrefjaklúta í eldhúsi og inni á deildum hefur það gefist mjög vel að halda sápunotkun í lágmarki.

Tillögur að markmiðunum komu fram á starfsmannafundi og voru þær síðan ræddar nánar af umhverfisnefndinni og var almenn sátt um þau.

Valdís leikskólastjóri hefur yfirumsjón með því að finna ræsti- og hreinlætisvörur sem henta leikskólanum og þarf væntanlega þar í mörg horn að líta varðandi kostnað og gæði. Það verður einnig skemmtileg áskorun allra starfsmanna að koma upp “Grænfánavegg” á deildunum því rými er af skornum skammti og fróðlegt verður að sjá hvernig deildirnar leysa það af hendi og að sjálfsögðu er ætlunin að fá börnin með í þetta verkefni.

## Eftirlit og endurmat

Við höfum farið reglulega yfir gátlista Landverndar til að skoða stöðu umhverfismála við leikskólann, bæði á starfsmannafundum og á fundum umhverfisnefndar. Einnig hafa samverustundir með elstu börnunum verið notaðar til að ræða um og fara yfir gátlistann. Allir starfsmenn leikskólans eru upplýstir um umhverfisstefnu Andabæjar og vel þegnar eru allar tillögur þar að lútandi enda er mikilvægt að allir starfsmenn séu meðvitaðir um stefnuna og virkir þátttakendur. Við munum halda áfram að meta starfið okkar út frá gátlistanum og ætlum við okkur að vera meira meðvituð um það sem betur má fara hér í leikskólanum með því að fara oftar yfir listann.

## Fræðsla

Börnin á leikskólanum eru frædd um umhverfismál í samverustundum, hópastarfi og útiveru. Þar hvetjum við börnin til þess að taka eftir umhverfi sínu og hugsa vel um það. Í hópastarfi hefur hver hópur fundið sér stað úti í náttúrunni sem hópurinn heimsækir af og til allt árið og sér um að halda hreinum. Það er einnig merkilegt að fylgjast með árstíðabreytingunum á staðnum – hvað breytist?

Á Hvanneyri erum við í nánum tengslum við náttúruna, það er stutt út í móa og út í fjós og einnig er það fastur liður á hverju hausti að fara í réttir með börnin. Hvanneyri er líka staður þar sem mikil uppbygging hefur verið á síðustu árum og fróðlegt er að fylgjast með húsbyggingum og öðrum framkvæmdum með tilheyrandi vinnuvélum. Hér eru drullupollar, hrossaskítur í grasinu, hættulegir skurðir, malarvegir og annað í

umhverfinu sem merkilegt er að skoða og uppgötva, enda er útivera stór hluti af starfinu okkar í Andabæ og gönguferðir skipa þar stóran sess.

Hvanneyri er þannig staðsett að í svartasta skammdeginu sést ekki til sólar í 1 mánuð og því getur veturinn verið dimmur ef lítið snjóar. Það er okkur því alltaf kærkomið þegar sólin brýst á ný upp fyrir Skarðsheiðina og daginn fer aftur að lengja. Við höfum gert dálítið meira úr þessu með myrkrið með því að hafa reglulega rafmagnslausan dag í leikskólanum. Þá mega börnin koma með vasaljós í leikskólann og við notum ekki nein rafmagnstæki þann daginn – lýsum upp með kertaljósum og borðum skyr í hádeginu.

Ekki höfum við útbúið ákveðið kennslufni um umhverfismál en höfum gert okkur far um að flétta fræðsluna inn í námsþætti leikskólastarfsins eftir bestu getu. Það er verðugt verkefni til framtíðar að vinna að námsefni um umhverfismál fyrir nýja leikskólann okkar sem mun rísa á næstu árum.

## Kynning á stefnunni

Stefnan hefur verið kynnt á foreldrafundum og í fréttabréfum leikskólans. Einnig hefur verið gefinn út sameiginlegur kynningarbæklingur frá leikskólanum Andabæ, Andakílsskóla og Landbúnaðarháskóla Íslands undir heitinu “Skólar á grænni grein” sem kom út vorið 2005 og þar eru skólarnir þrír kynntir hver fyrir sig.

Vesturlandsblaðið Skessuhorn hefur einnig birt myndir og texta frá leikskólastarfinu í Andabæ og nýlega var gefið út “LBHÍ blaðið” sem var fylgiblað Morgunblaðsins og þar er kynning á leikskólanum Andabæ og starfi hans.

Bæklingurinn “Skólar á grænni grein” og greinin úr “LBHÍ blaðinu” fylgir skýrslunni. Við ætlum okkur að setja meiri kraft í að vekja athygli á stefnu leikskólans í nánasta umhverfi okkar og reyna þannig að smita út frá okkur til annarra staðarbúa og nágretta t.d. með almennum hreinsunardegi á Hvanneyri eða að virkja staðarbúa meira til að leggja bílnum og nota reiðhjólin eða einfaldlega ganga til sinna erinda. Þarna finnst okkur við mega gera betur og ætlum við okkur að gera bragarbót á því nú á vormánuðum.

## Umhverfissáttmálinn

Við höfum sett okkur ákveðnar starfsreglur sem við vinnum eftir. Umhverfisnefndin vann að mestu þessar reglur en þá aðallega út frá þeim markmiðum sem starfsmennirnir höfðu sett sér. Börnin tóku þátt í samverustundinni þar sem starfsmaður fór yfir markmiðin og spurði börnin hvernig væri hægt að vinna eftir þessum markmiðum og hvað þau myndu vilja gera til þess að vinna eftir þeim.

Síðan fengu starfsmenn leikskólans að skoða starfsreglurnar til þess að sjá hvort að það væri hægt að bæta einhverju við eða taka út. Að lokum urðu allir sáttir og þá varð umhverfisstefna leikskólans Andabæjar að veruleika.